



SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

255.mál.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/515
komudagur 8.12.2003

Reykjavík 5. desember 2003.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, 255. mál.

Um 1. gr.

Sjómannasamband Íslands var á sínum tíma mótfallið því að ákvæði til bráðabirgða XXIX yrði að lögum, enda verið að hlutast til um kjarasamninga sjómanna með ákvæðinu til viðbótar þeirri lagasetningu sem stjórnvöld stóðu fyrir á sjómenn í maí 2001 varðandi kjaramál sjómanna. Hins vegar má segja að sjómenn hafi látið þetta yfir sig ganga þar sem andvirðinu var varið til hafrannsókna.

Samkvæmt frumvarpinu á andvirði afla, skv. ákvæði til bráðabirgða XXIX í lögum nr.38/1990, að renna í sérstakan sjóð, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 37/1992, í stað þess að renna til Hafrannsóknastofnunarinnar eins og segir í gildandi lögum. Jafnframt er lagt fram frumvarp til laga um breytingu á 3. mgr. 1. gr. laga nr. 37/1992, 254. mál, þar sem gert er ráð fyrir því að ráðstöfun fjár úr þessum sjóði, sem er vegna ólögmæts sjávarafla, takmarkist framvegis ekki við hafrannsóknir og eftirlit með fiskveiðum.

Með þeirri breytingu sem verið er að leggja til skv. þessari grein frumvarpsins og með framlagningu þess frumvarps sem vísað er til hér að framan er ljóst að verið er að skerða verulega það fjármagn sem Hafrannsóknastofnunin hefur til hafrannsóknna. Ekki verður séð að stofnuninni verði bættur þessi tekjumissir á nokkurn hátt.

Sjómannasamband Íslands mótmælir harðlega þeim áformum stjórnvalda að skerða tekjur Hafrannsóknastofnunarinnar með framangreindum hætti og hafnar alfarið þeirri breytingu á lögum nr. 38/1990 sem felst í greininni. Jafnframt er vísað í umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 37/1992 þar sem samsvarandi breytingu er einnig mótmælt.

Um 2. gr.

Sjómannasamband Íslands gerir ekki athugasemd við greinina.

f.h. Sjómannasambands Íslands,

Hólmgeir Jónsson
Hólmgeir Jónsson